



Reykjavíkurborg

## Tónlist og tilfinningalæsi



Verkefnisstjóri: Kristján Sturla Bjarnason  
Aðrir aðstandendur: Ásgrímur Geir Logason

**Efnisyfirlit**

Inngangur .....	2
Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd .....	2
2.1 Aðstæður .....	2
2.2 Hugmyndafræðin að baki verkefninu.....	2
Skipulag, umfang og framkvæmd verkefnisins.....	3
Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra .....	3
Mat á verkefninu.....	4
Greinargerð um notkun styrkfjár .....	4
Kynning .....	4

## Inngangur

Markmið verkefnisins var að þróa aðferð til að auka tilfinningalæsi nemenda. Sú aðferð gekk út á það að nota tónlist úr kvikmyndum sem er yfirleitt sér samin undir kvikmyndasenu til að endurspeglar þær tilfinningar sem eiga sér stað í kvikmyndinni. Með því að nota þess konar tónlist er hægt að tengja bæði tónlistina við tilfinningar sem og sýna þær senur sem tónlistin er upprunalega samin undir. Þannig er bæði hægt að útskýra með góðu móti hvernig við upplifum tilfinningar og hvernig hægt er að túlka það hvernig manni líður.

Upprunalegu markmið verkefnisins voru aukinheldur að skapa umræður út frá þeirri tónlist sem hlustað er á ásamt því að bera kennsl á líðan og tilfinningar, nota kvikmyndatónlist til að auka áhuga á klassískri tónlist og vekja athygli á því hvernig tónlist er samin, koma upp aðstöðu þar sem hægt væri bæði að taka upp og hlusta á tónlist í góðu umhverfi og að endingu að útbúa kennsluefni sem myndi nýtast í tónlistarvali og sértæku hópstarfi.

Í stuttu máli gekk verkefnið vel og voru nemendur mjög áhugasamir. Hægt var að tengja tónlistina við kvikmyndir sem þau þekkja og sköpuðust miklar umræður um tónlistina. Kennarar létu nemendur m.a. teikna það sem þeim fannst tónlistin endurspeglar ásamt því að merkja við tilfinningatákn (e.emojicons) sem áttu einnig að túlka upplifun þeirra á tónlistinni.

Næstu skref eru síðan að taka saman niðurstöður og útbúa lítið hjálparhefti sem nýtist kennurum í tónmennt sem og þeim kennurum sem hafa áhuga á að nýta sér þetta verkfæri. Í framtíðinni væri síðan hægt að búa til litla kennslubók eða heimasíðu þar sem tónlistin úr kvikmyndunum væri ásamt myndbrotum.

## Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

### 2.1 Aðstæður

Notast var við tónmenntastofu skólans og þau tæki og tól sem þar eru. Nemendur fengu að hlusta á tónlist og sjá myndbrot ásamt því að taka umræður um tilfinningar. Kennari stýrði umræðum og hélt stuttan fyrirlestur um hverja tilfinningu fyrir sig.

### 2.2 Hugmyndafræðin að baki verkefninu

Undanfarin misseri hafa verið miklar umræður í þjóðfélaginu um líðan grunnskólabarna. Kvíði hefur verið þar ofarlega á baugi ásamt fleiri andlegum þáttum sem hrjá ungmenni samfélagsins. Eitt af því sem hefur lengi verið talið að sé vandamál og þá sérstaklega strákum er að tjá sig og sínar tilfinningar. Börn sem eru í góðum tengslum við tilfinningar sínar og geta auðveldlega borið kennsl á þær eiga auðveldara með að vinna úr þeim. Einnig hefur þótt gott að geta rætt tilfinningar við einhvern fullorðinn eða samsamað sig í jafnöldrum. Þannig upplifa krakkarnir sig ekki sem eyland og sjá að allir upplifa tilfinningar en á mismunandi hátt.

Höfundur hefur verið viðloðinn bæði kvikmyndagerð og tónlist í langan tíma þar sem hann hefur samið tónlist fyrir kvikmyndir og auglýsingar. Í gegnum það starf hefur hann kynnst því að til þess að geta endurspeglað tilfinninguna í kvikmyndinni í tónlistinni þá er mikilvægt að þekkja hvað býr þar að baki. Það er því heilmikil sálfræði í þess konar tónlist og þaðan kom þessi hugmynd. Upphaflega hugmyndin var að taka kvikmyndir sem höfða meira til stráka og skoða tónlistina í þeim en til að gæta jafnræðis þá var ákveðið að taka þetta þvert á bæði kynin. Kynin eru að mörgu leiti ólík en þó er erfitt að alhæfa um það að einhverjar myndir séu meiri strákamyndir en stelpumyndir.

Tónmennt er fag sem hentaði vel fyrir svona verkefni þar sem þetta vekur einnig áhuga á klassískri tónlist og setur hana í víðara samhengi. Þetta var því kjörið tækifæri og verkefni sem mun halda áfram að þróast.

### **Skipulag, umfang og framkvæmd verkefnisins**

Hér að ofan hefur lítillega verið dregið á því hvernig verkefnið gekk og þeim þáttum sem eru til umfjöllunar í þessum kafla. En þrátt fyrir mikinn árangur þá var einn af útgangspunktum verkefnisins að hafa það ekki of flókið. Hugmyndin var að hafa það þannig að í raun hver sem er gæti framkvæmt það. Skipulagið fólst í því að finna kvikmyndir, setja niður á blað algengar tilfinningar og plana þær kennslustundir sem verkefnið var keyrt í. Umfangið var ekki mikið fyrir utan að útbúa aðstöðu sem er reyndar ennþá í vinnslu þar sem hægt væri að hlusta í öruggu umhverfi ásamt því að geta tekið upp túlkun þeirra á tilfinningum í gegnum tónlist.

Tímaramminn var í rauninni allur veturinn en ákveðið var að hafa þetta ekki nokkur samliggjandi skipti heldur frekar taka þetta fyrir af og til. Þetta var því keyrt saman í bland við önnur verkefni í tónmennt.

### **Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra**

Reynslan af verkefninu var góð og sköpuðust miklar umræður hjá nemendum. Nemendur voru þó misvirkir og líklega myndi henta betur að hafa þau í minni hópum. Einnig væri ekkert vitlaust að skipta þeim niður eftir kynjum þar sem stelpurnar voru áberandi meira tilbúnar að ræða tilfinningaþáttinn en strákar.

Þar sem þetta er í grunninn frekar einföld aðferð þá gæti hún nýst mörgum. Hugmyndafræðin er einföld og framkvæmdin þannig að hver sem er ætti að geta framkvæmt verkefnið. Með því að gefa út fræðsluhefti eða leiðbeiningar gætu fleiri skólar, frístundastarf og aðrir sem vinna með sértæka hópa nýtt sér þetta verkefni.

## Mat á verkefninu

Þegar þessi skýrsla er skrifuð og lagt er mat á þau markmið verkefnisins sem láu til grundvallar þá hafa þau flest verið uppfyllt. Það sem er í rauninni eftir og ákveðið var að bíða með er að útbúa leiðbeiningar og kennslufni. Umsjónarmönnum verkefnisins fannst mikilvægt að safna frekari gögnum og prófa betur nokkrar aðferðir áður en ráðist væri í það að útbúa kennslufnið.

Upphaflega átti að búa til tvo hópa sem átti að keyra verkefnið í en sem fyrr sagði þótti betra að nýta tónmenntatímana í verkefnið. Þar væri bæði hægt að prófa breiðara aldursbil og sjá hvernig verkefnið myndi vinnast í mismunandi hópum. Þar sem þeir hópar eru nokkuð stórir var erfiðara að láta þau skapa tónlist eða skila einhverri tónlistarlegri afurð öðru en að spila og tjá sig í tíma. Það gekk því ekki að vera með verkefni sem væru flutt opinberlega fyrir aðra nemendur í skólanum. Framtíðarplönin eru þó þau að láta nemendur semja tónlist við myndefni og nýta það í öðru valfagi sem heitir „Mynd og hljóð“ en þar fást nemendur við kvikmyndagerð.

Að öðru leiti gekk verkefnið mjög vel og haldið verður áfram að þróa það í samvinnu við kennara og tónmenntina í skólanum.

## Greinargerð um notkun styrkfjár

Keyptir voru nýjir hátalarar og upptökutæki fyrir peninginn.

Hátalarar: 180.000 kr.

Upptökutæki: 49.900 kr.

Hljóðfæri: 150.000 kr.

Starfsmannakostnaður: 100.000 kr.

## Kynning

Verkefnið verður kynnt fyrir þá sem hafa áhuga ásamt því að gefa út leiðbeiningarhefti. Einnig verður settar inn upplýsingar á heimasíðu skólans og haldin kynning fyrir aðra kennara á sal skólans.